

*Skrifstofa vinnumarkaðar og
starfsendurhæfingar
Félagsmálaráðuneytið*

Reykjavík, 12. nóvember 2019

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (lenging á rétti til fæðingarorlofs). Mál nr. 270/2019

Í Samráðsgátt liggja fyrir drög að frumvarpi til laga um breytingu á fæðingar- og foreldraorlofslögum. Í drögunum er lagt til að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs lengist í tveimur skrefum úr níu mánuðum í tólf mánuði.

BHM fagnar því að til standi að lengja fæðingarorlof. Skiptar skoðanir eru um það hvernig skiptingu fæðingarorlofs á milli foreldra er best háttað og vegast þar á ýmis góð og gild sjónarmið og röksemdir.

BHM átti fulltrúa í starfshópi um *Framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum* sem skilaði [skýrslu sinni](#) í mars 2016. Í 7. kafla skýrslunnar er fjallað um skiptingu fæðingarorlofs milli foreldra. Er þar lagt til sama fyrirkomulag og drög þessi að frumvarpi kveða á um, þ.e. að hvort foreldri eigi rétt á fimm mánuðum sem eru ekki framseljanlegir auk tveggja mánaða sem foreldrar skipta með sér eins og hentar best hverju sinni. Samtals 12 mánuðir.

Með skýrslunni fylgdi bókun BHM (*Fylgiskjal 2 í skýrslunni*) þar sem fram kom að bandalagið styðji lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði en telji að markmiðum laganna sé best náð með því að skipta þeim mánuðum jafnt á milli foreldra. Þá ítrekaði BHM í bókuninni að hækka þyrfti hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi til að ná markmiðum laganna.

Afstaða BHM frá bókuninni í mars 2016 er enn sem komið er óbreytt. Fyrirkomulag fæðingarorlofsmála er eitt stærsta jafnréttismál vinnumarkaðarins. Almennt eru réttindi á vinnumarkaði ekki framseljanleg og er það álit BHM að svo eigi ekki að vera í tilviki fæðingarorlofs. Rannsóknir og reynslan sýna að sameiginlegur réttur er að miklu leyti nýttur af mæðrum eingöngu. Þá sýna rannsóknir ýmis jákvæð merki þess á fjölskyldulíf til lengri tíma að feður taki líka fæðingarorlof.

Framundan er viðhorfskönnun meðal félagsmanna aðildarfélaga BHM þar sem spurt verður um viðhorf til breytinga á löggjöfinni. Þá er fram undan stefnumótunarþing BHM sem mótastefnur BHM á hverjum tíma. Niðurstöðurnar verða undirrituðum leiðarljós sem fulltrúa BHM í samstarfsnefnd um endurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof. Er framangreint því birt með fyrirvara um að stefna BHM í málafloknum kann að breytast.

Virðingarfyllt,



Andri Valur Ívarsson
lögmaður BHM